




GILDANDI DEILISKIPULAG, mkv. 1:2000
Samþykkt í Borgarráði Reykjavíkur 21. mars 2013
Tók gildi 8. apríl 2013



TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI, mkv. 1:2000



GILDANDI DEILISKIPULAG, mkv. 1:5000
Samþykkt í Borgarráði Reykjavíkur 21. mars 2013
Tók gildi 8. apríl 2013



- AFMÖRKUN SKIPULAGSSVÆÐIS
- AFMÖRKUN BREYTINGA
- LÓÐAMÖRK
- NÚVERANDI BYGGÐ
- BYGGINGAREITUR
- TENGINGANGAR
- BUNDIN BYGGINGARLÍNA
- TENGINGANGAR OG NEDANJARDARMANNVIRKI STAÐSETNING LEIÐBEINANDI MEÐ FYRIRVARA UM LAGNALEIÐIR
- FJARLEGDAR BYGGINGAR
- HV HVERFISVERND
- F FRÍÐUÐ BYGGING
- P BILGEYMSLA / BILASTÆÐI
- HJ REIÐHJÓLAGEYMSLA
- L LEIKSVÆÐI
- O₂ SÚREFNISGEYMIR
- MEGIN INNGANGAR
- MEGIN AÐKOMUR
- STOFNSTÍGUR
- TENGISTÍGUR
- 21-36 NR. NÝBYGGINGA

Gildandi deiliskipulag NLSH, samþykkt í borgarráði 21.3.2013.
Auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda, tók gildi 8.4. 2013.
Meðferðarkjarninn er stærsta byggingin á Landspítalalóðinni og þar verður hjarta starfsemi, m.a. með bráðamóttöku, skurðstofum, gjörgæslu og legudeildum. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er stærð meðferðarkjarnans alls 68.500 fm, þar af 58.000 fm í 1. áfanga. Síðari áfangi er 10.000 fm, en áfangaskipting er ekki bindandi í skipulagsskilmálum. Byggingin er fjórar – sex hæðir, með inndregnum tveimur efri hæðum um 2 – 5 m. Gert er ráð fyrir inngörðum í byggingunni, en fjöldi þeirra og gerð er ekki bundin í deiliskipulagi. Uppbygging er áætluð í nokkrum áföngum, en deiliskipulagið um 241.000m² í núverandi og nýjum byggingum. Þar af er gert ráð fyrir um 97.500m² í fyrsta áfanga og um 54.000 m² í síðari áföngum. All flestar meginbyggingar svæðisins standa áfram, um 73.500 m².

Í leiðarljósum og markmiðum deiliskipulagsins segir m.a.: „Meginmarkmið skipulagsins er að skipulag, nýbyggingar og starfsemi á Landspítalalóð lagi sig að borginni og styrki borgarmyndina. Umfangsmiklar nýbyggingar mynda öflugt bæjarhverfi með gróskumikilli starfsemi. Lóðinni verður mörkuð sérstæða í borginni, en hún verður jafnframt samofin og örjúfanlegur hluti hennar. Uppbyggingin mun taka mið af nærumhverfi sínu í byggðarmynstri, hlutföllum og yfirbragði. Massar eru brotnir upp og mótaðir sem stök hús í bæjarumhverfi með götum, torgum og gördum.“

Úr stefnumörkun deiliskipulags: „Deiliskipulagið tekur mið af stefnu núverandi mannvirkja á Landspítalalóð og er samofnið aðliggjandi þéttri byggð, götum, torgum og gördum. Þetta er hefðbundin borgarskipulag, byggt á grunnhugmynd randbyggðar og gatnans, þétt byggð í hóflegri hæð sem mótar vel afmarkað bæjarrymi í göðum hlutföllum. Auðvelt er að rata og komast leiðar sinnar, mikill sveigjanleiki er í uppbyggingu og innbyrðis tengingum bygginga.“


Byggingarmagn getur breyst án þess að skipulagshugmynd sé raskað.“

Greinargerð með tillögu að breytingu á deiliskipulagi dags. 19.10. 2017.
Frekari hönnun meðferðarkjarnans kallar á aukinn sveigjanleika hvað snertir stærð byggingarreit og heildarhæð byggingar. Koma þar til breyttar forsendur m.a. eftir notendastýrða hönnun 2015 og 2016, rými á fyrirbyggjandi forhönnun eftir breytingu byggingarreglugerðar og uppfærð húsrýmisáætlun NLSH 2017 (Sjá einnig greinargerð NLSH til umhverfis- og skipulagssviðs Rvk. borgar dags. 29.9. 2017). Breytingin tekur til færslu byggingarreit og byggingarlína meðferðarkjarna 1. áfanga (21) og síðari áfanga (21a). Meðferðarkjarni (21) er stækkaður um allt að 6.3 m til vesturs, allar hæðir, en byggingarreitir síðari áfanga (21a) er minnkaður sem því munar og byggingin lækkuð um eina hæð. Uppbroti hússins og inndragi er breytt, m.a. til að fjölga inngörðum og brjóta upp bygginguna í fleiri einingar til að auka enn frekar dagsbirtu, útsýni og aðgengi að þakgördum, s.s. sunnan útigarðs Barna – og Kvennadeildar. Á norðurhlíð byggingar er inndreginn flötur stærri en í gildandi deiliskipulagi, sem endurspeglar m.a. tilflutning tæknikerfa frá útveggjum að miðlægum lagnastokkum, ásamt áherslu á stærra útsvæði. Á móti er inndreginn flötur minni á suðurhlíð, en í gildandi skipulagi.


Byggingarmagn meðferðarkjarna í heild sinni er samkvæmt deiliskipulagi en breytist milli áfanga. Samkvæmt breytingu verður fyrsti áfangi ríflega 66.000 fm og byggingarmagn síðari áfanga minnkar í u.þ.b. 2500 fm. Þannig skapast meira rými umhverfis bygginguna sunnan almenningsgarðsins Einarsgarðs sem verður minni að umfangi. Til að auka sveigjanleika í hönnun m.a. fyrir dreifingu tæknikerfa er meðferðarkjarninn í heild sinni lækkaður um 0,5 m í landi, en efsti hæðarkóti er óbreyttur.

Breytt deiliskipulag nær til bygginga 21 og 21a og næsta umhverfis og aðkomu að þeim. Að öðru leyti gildir Deiliskipulag NLSH frá 2013 og greinargerð og skilmálar sömu dags. því fylgjandi. Þar er gerð grein fyrir helstu forsendum, stefnu og skilmálum fyrir deiliskipulagið og forsendum aðalskipulags. Gerð er grein fyrir tillögu að hönnun meðferðarkjarna í þrívíddarskýringarmyndum sem eru frá sömu sjónarhornum og fylgja gildandi deiliskipulagi. Breytt tillaga rúmast innan skipulagsmarkmiða og stefnumörkunar deiliskipulags NLSH og er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 – 2030.


Að öðru leyti gildir Greinargerð og skilmálar deiliskipulags NLSH/SPITAL samþ. í borgarráði 21.mars 2013.




SNIB B, mkv. 1:1000
GILDANDI DEILISKIPULAG




SNIB D, mkv. 1:1000
GILDANDI DEILISKIPULAG




SNIB B, mkv. 1:1000
TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU



SNIB D, mkv. 1:1000
TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU



SNIB A



SNIB B

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í Aðalskipulagi Reykjavíkur, þann 12. jan. 2018. Borgarráð 9. nóv. 2017

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 20. _____ 20_



SPITAL

00 - Breyting: _____ Dags: Teikn: Yfir: _____
LANDSPÍTALI VIÐ HRINGBRAUT

EFNI: **TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU**
MÆLIKVARÐI: **1:5000, 1:2000 og 1:1000**

DAGSETNING: **24. okt. 2017**
TEIKNINGARNÚMÉR: **30002**
BREYTING: